

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 2019 í máli nr. S-582/2018:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

A

(Sævar Þór Jónsson lögmaður)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 4. febrúar síðastliðinn, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 19. september 2018, á hendur A, kennitala 000000-0000, [...], „fyrir eftirtalin brot, framin aðfaranótt sunnudagsins 20. ágúst 2017, í Rangárhöllinni, Gaddastaðaflötum, Hellu:

1. Fyrir kynferðislega áreitni með því að hafa gripið um rass B, rennt hendi undir klof hennar og gripið í klof hennar og kreist, allt utanklæða.

Telst þetta varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Fyrir líkamsárás, með því að hafa í kjölfar brots þess sem lýst er í 1. ákærulið, slegið eiginmann B, C, einu hnefahöggi í andlitið en höggið lenti á hægri kinnbeini og nefi C. Af árásinni hlaut C blóðnasir, mar undir hægri auga, roða yfir hægri kinnbeini, sár á nefi hægri megin og hrúður þar yfir.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu B, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 20. ágúst 2017 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um þóknun réttargæslumanns samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu C, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 500.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 20. ágúst 2017 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til þess að greiða brotþola málskostnað að fjárhæð 310.000 krónur með virðisaukaskatti við að halda fram kröfu þessari, en að mati dómsins komi síðar til aðalmeðferðar málsins.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst þess að bótakröfunum verði vísað frá dómi. Loks er þess krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Málavextir eru þeir að ákærði og brotþolar voru á skemmtun á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir. Brotþolinn B sneri sér til lögreglu á skemmtuninni og kærði ákærða fyrir háttsemi þá sem lýst er í ákæru gagnvart henni og eiginmanni hennar. Lögreglumenn höfðu tal af ákærða, sem neitaði sök. Brotþolinn C leitaði lækni og kvaðst hafa verið á nefndri skemmtun og hlotið áverka. Í vottorði lækni, sem dagsett er 28. september, er lýst þeim áverkum á brotþola sem í ákæru greinir.

III

Við aðalmeðferð neitaði ákærði sök og kvað ekkert það hafa gerst sem hann er ákærður fyrir. Hann kvaðst hafa verið á nefndri samkomu en hann hefði ekki komið nálægt brotþolum. Hann þekkti ekki konuna, sem er brotþoli, en manninn, sem er brotþoli, hefði hann þekkt fyrir löngu. Hann hefði komið á samkomuna með mági sínum og hefðu þeir komið þangað skömmu eftir miðnættið. Ákærði kvaðst muna eftir að hafa legið í mölinni í reiðhöllinni. Hann hefði verið tekinn haustaki og verið svæfður, eins hefði verið sparkað í hann. Hann kvaðst ekki vita hverjir hefðu ráðist á sig, enda hefði hann legið í mölinni. Hann hefði hlotið áverka á síðu og höfði. Nánar spurður um hvað hefði gerst lýsti ákærði því að hann hefði gengið inn í reiðhöllina og í átt að fólki. Hann tók fram að þarna hefði verið skuggsýnt, en allt í einu hefði verið ráðist á hann eins og lýst var. Mágur hans hefði verið á öðrum stað. Hann kvaðst hafa verið líttillega ölvaður og eins vankaður. Honum hefði verið fylgt út til lögreglumanns sem hefði svo ekið honum heim.

Brotþolinn B bar að hafa verið á samkomunni með eiginmanni sínum, brotþolanum C. Hún kvaðst hafa orðið vör við mann, ákærða í málinu, sem hefði verið í námunda við hópinn sem hún var með. Hann hefði verið að horfa á þau.

Hann hefði svo komið þétt upp að henni. Hún kvað sér hafa fundist þetta óþægilegt og rætt um það við eiginmann sinn. Hann hefði talað við ákærða og beðið hann að hætta. Ákærði hefði þóst ekki skilja þetta og svarað á ensku og eiginmaðurinn þá rætt við hann á ensku. Stuttu síðar kvaðst brotapolí hafa fundið hvernig ákærði hefði verið kominn aftan að henni og hefði gripið í klofið á henni. Hann hefði farið með höndina yfir rassinn og í klofið og kreist. Hún kvaðst hafa snúið sér við og ýtt ákærða frá sér og hann hefði hörfað tvö til þrjú skref. Eiginmaðurinn hefði séð viðbrögð hennar og stjakað við ákærða sem hefði fallið í gólfið. Hún kvaðst hafa sagt við ákærða að láta sig í friði og ekki gera svona við sig og það hefði eiginmaðurinn einnig sagt. Við þetta hefði ákærði reiðst og gripið fast í lopapeysur þeirra að framanverðu. Hún kvaðst hafa losað sig og eiginmaðurinn líka. Ákærði hefði nú staðið upp og horfið inn í mannfjöldann. Skömmu síðar kvaðst hún hafa séð ákærða koma aftur og farið á móti honum ásamt vinkonu sinni. Ákærði hefði ruðst fram hjá þeim að eiginmanninum og gefið honum hnefahögg beint í andlitið. Höggið hefði lent á nefi eiginmannsins og hefði blætt úr. Ákærði hefði nú verið tekinn og lagður í gólfið. Þar hefði honum verið haldið þar til dyraverðir á dansleiknum hefðu komið og fært hann út. Hún kvaðst hafa hitt lögreglumann fyrir utan og skýrt frá atvikinu. Hún kvaðst ekki hafa neytt áfengis þetta kvöld, enda hefði hún verið bílstjóri.

Brotapolinn C bar að hafa tekið eftir manni sem hefði verið að sniglast í kringum eiginkonu hans. Þetta hafi verið ákærði en hann kvaðst hafa unnið með honum fyrir um tuttugu árum og þekkja hann frá þeim tíma. Brotapolinn kvaðst hafa beðið ákærða að hætta þessu og fara en hann hefði ekkert þóst skilja og svarað á ensku. Ákærði hefði ekki farið heldur verið utan í eiginkonunni og kvaðst brotapolí hafa séð er hann hefði komið alveg upp að henni. Hún hefði kippst við, snúið sér við og ýtt við ákærða. Brotapolí kvaðst hafa gengið að ákærða, sem við það hefði fallið í jörðina og hann og eiginkonan hefðu farið yfir ákærða, eins og hann orðaði það. Við þetta hefði ákærði farið að æsa sig, enda hefði eiginkonan sagt eitthvað við hann. Skömmu síðar hefði gæslukona komið og fylgt ákærða á brott. Stuttu síðar hefði ákærði komið aftur, gripið með vinstri hendi í hálsmál brotapóla og slegið hann höggi í andlitið. Ákærði hefði nú verið lagður í gólfið og svo verið færður á brott af gæslumanni. Brotapolí kvað eiginkonu sína hafa sagt sér að ákærði hefði gripið í klofið á henni. Hann kvaðst hafa borið þá áverka sem í ákæru greinir og verið aumur í nokkurn tíma eftir árásina. Brotapolí kvaðst hafa leitað til lækis mánudaginn eftir atburðinn.

Kona, sem var á skemmtuninni með brotapolum, kvaðst hafa staðið á móti brotapolanum B er þá hafi snúið sér snögglega við með hnefann á undan sér, eins og hún orðaði það. Hún kvaðst hafa spurt brotapóla hvað hefði gerst og hún hefði

svarað „ég var klipin í rassinn“. Hún kvað brotaþola hafa sagt að ákærði hefði gert þetta en vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða en þarna hefði verið mjög ölvaður maður nálægt þeim. Skömmu síðar hefðu brotaþolinn C og annar maður lent í átökum og þá kvaðst hún hafa sótt dyraverði. Seinna kvaðst hún hafa séð brotaþolann C með blóðnasir. Hún hefði spurt hvað hefði gerst og brotaþoli sagt ákærða hafa kýlt sig.

Dyravörður sem kom að kvað tvo menn hafa verið að slást og hefði lögreglan tekið annan þeirra síðar en hinn hefði verið blóðugur. Hann kvaðst hafa fengið þá skýringu á slagsmálunum að maður, sem lögreglan tók síðar, hefði klipið í rass konu blóðuga mannsins. Annar dyravörður kom einnig fyrir dóm, en gat ekki borið um málsatvik. Hún mundi þó eftir dansleik þar sem kona hafði kvartað yfir kynferðislegri áreitni og einnig hefðu verið slagsmál á sömu samkomu. Hún kvaðst ekki þekkja ákærða, sem hún sá við aðalmeðferðina.

Kunningjakona brotaþola kvaðst hafa heyrt á samkomunni að maður hefði verið að áreita brotaþolann B. Henni hefði verið bent á hann þar sem hann hefði staðið fyrir utan hópinn sem hún var í og hefði hann horft á þau. Hún kvaðst svo hafa stillt sér upp fyrir framan manninn ásamt brotaþolanum og hefði hún beðið hann að fara. Maðurinn hefði ekki gert það heldur brotið sér leið milli þeirra og slegið brotaþolann C sem hefði verið með blóðnasir á eftir. Maðurinn hefði nú verið kominn í gólfíð, án þess að hún gæti gert sér grein fyrir hvernig það hefði gerst, og hefðu brotaþolar verið hjá honum. Skömmu síðar hefðu dyraverðir komið og fylgt ákærða út. Hún kvaðst ekkert þekkja hann en sér væri tamt að nota nöfn og hún og maður hennar hefðu rætt þetta.

Kunningi brotaþola kvað brotaþolann B hafa sagt sér að gripið hefði verið í klofið á henni. Hann kvaðst ekki hafa séð þetta en heyrt brotaþolann garga á ákærða. Ákærði og brotaþolinn C hefðu nú nálgast hvor annan og kvaðst kunninginn hafa beðið þá að vera rólega. Skömmu síðar hefði dyravörður komið og fylgt ákærða á brott. Skömmu síðar hefði hann þó komið aftur og hefðu þá framangreind kunningjakona og brotaþolinn B stigið fyrir hann. Næsta sem gerðist hefði verið það að ákærði „steig í gegnum“ konurnar og sló brotaþolann C í andlitið og lenti höggið á nefi hans. Eftir þetta hefði ákærði lent í gólfinu.

Kunningjahjón ákærða, sem voru á samkomunni, komu fyrir dóm en gátu ekki borið um ákæruefnin. Maðurinn bar um áverka á ákærða, bæði í andliti og á síðu. Hann kvað ákærða hafa sagt sér að hann hefði lent í átökum og verið tekinn hálstaki. Ákærði hefði ekki verið mikið ölvaður og verið hissa á ástandinu.

Lögreglumaður sem ritaði frumskýrslu málsins staðfesti hana. Hann kvað konu hafa komið og kvartað yfir áreiti. Í framhaldinu hefði verið rætt við ákærða. Hann hefði verið ósáttur við að hafa verið vísað út, enda hefði verið ráðist á hann.

Ákærða hefði síðar verið ekið heim.

Læknir sem ritaði framangreint vottorð staðfesti það. Hann kvað dagsetningu vottorðsins vera þann dag er það var skrifað.

IV

Ákærði neitar sök en kannast við að hafa verið á nefndri skemmtun. Honum er í fyrsta lagi gefið að sök að hafa gripið um rass brotaþolans B. Brotaþoli lýsti þessu við aðalmeðferð á þann hátt að ákærði hefði farið með höndina yfir rassinn á henni og í klofið og kreist. Ekki voru vitni að þessu og með vísun í framburð brotaþolans verður að sýkna ákærða af því að hafa gripið um rass brotaþola. Hér að framan var gerð grein fyrir framburði brotaþola. Það er mat dómsins að hún hafi verið trúverðug við skýrslugjöf. Þá styðst framburður hennar við framburð vitna sem rakinn var. Þau bera að brotaþola hafi verið verulega brugðið og brugðist við eins og rakið var. Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi gerst sekur um athæfi það sem hann er ákærður fyrir í 1. lið ákærunnar, að því frátöldu að hafa gripið um rass brotaþola. Brot hans er rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Í öðru lagi er ákærða gefið að sök að hafa slegið brotaþolann C eins og lýst er í 2. lið ákæru. Með framburði brotaþola og annarra vitna, sem rakinn var í kaflanum hér að framan, er sannað gegn neitun ákærða að hann sló brotaþola eins og honum er gefið að sök í ákæruliðnum og með þeim afleiðingum sem þar greinir. Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu við ákvörðun refsingar sem er hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Skal hún bundin skilorði eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt framansögðu eiga brotaþolar rétt á miskabótum, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Miskabætur til brotaþolans B eru hæfilega ákveðnar 200.000 krónur og til brotaþolans C 200.000 krónur. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþolanum C málskostnað eins og í dómsorði greinir. Miskabótakröfurnar skulu bera vexti eins og í dómsorði greinir. Ákærða voru birtar kröfurnar 12. október 2017 og skulu þær bera dráttarvexti frá þeim degi er liðnir eru 30 dagar frá birtingardegi.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða þóknun réttargæslumanns brotaþolans B og málsvarnarlaun verjanda síns og eru hvorutveggja ákveðin með virðisaukaskatti í dómsorði, en annan kostnað leiddi ekki af rekstri málsins.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, A, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveim árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði B 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. ágúst 2017 til 12. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. ágúst 2017 til 12. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði þóknun réttargæslumanns brotaþolans B, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 358.360 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sævars Þórs Jónssonar lögmanns, 632.400 krónur.

Arngrímur Ísberg